



30. júlí 2010

SI-64966

Viðskiptanefnd og efnahags- og skattanefnd Alþingis
Skrifstofa Alþingis, nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Svar við þeim lögfræðilegu spurningum sem afhentar voru skriflega eftir sameiginlegan fund viðskiptanefndar og efnahags- og skattanefndar Alþingis, þann 5. júlí 2010.

Í þessu bréfi er að finna svör við spurningum sem fram komu eftir sameiginlegan fund viðskiptanefndar og efnahags- og skattanefndar Alþingis, hinn 5. júlí 2010. Þingmennirnir Birkir Jón Jónsson og Eygló Harðardóttir afhentu aðstoðarseðlabankastjóra spurningalista eftir fundinn. Nefndarritari sendi síðan endurbættan spurningalista með tölvupósti hinn 15. júlí 2010. Spurningarnar ásamt svörum, að því marki sem þær varða Seðlabanka Íslands, fara hér á eftir:

1. Spurningar um tilmæli FME og SÍ 30. júní 2010.

1.a. „Á hvaða lögfræðilega mati byggjast tilmæli Seðlabankans og FME? (Minnisblað eða annar rökstuðningur fyrir lögmati þeirra, t.d. frá lögfræðisviði bankans eða utanaðkomandi lögfræðilegu mati). (Fá rökstuðninginn)“

Vísað er til bréfs Seðlabanka Íslands til umboðsmanns Alþingis, dags. 23. júlí 2010, sem fylgir með bréfi þessu. Í bréfinu kemur fram það mat Seðlabankans að honum hafi verið heimilt að gefa út tilmælin frá 30. júní 2010, í samvinnu við Fjármálaeftirlitið, á grundvelli 4. gr. laga nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands, með vísan til þess hlutverks sem bankanum er markað í greininni, að stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.e. að varðveita fjármálastöðugleika. Í því tilfelli sem hér um ræðir var um greinilega hættu á fjármálalegum óstöðugleika að ræða. Þá er í bréfinu til umboðsmanns vísað til samstarfssamnings sem í gildi er á milli Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins. Loks er þar bent á að tilmælin eru ekki bindandi. Jafnframt er það rakið í bréfinu til umboðsmanns að Seðlabanki Íslands hafi metið það svo að vaxtaákvæði samninga, þar sem er að finna ólöglegt ákvæði um gengistryggingu, kynni að verða breytt eða vikið til hliðar, og að þá væri líklegt að dómstólar myndu leita stuðnings í 4. og 18. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 36/2001.

1.b. „Hvert er mat SÍ og FME á hættu á mögulegri skaðabótaábyrgð ríkisins vegna framangreindra tilmæla þeirra?“

Seðlabanki Íslands telur að svo sé ekki. Almennt þegar rætt er um skaðabótaábyrgð er nauðsynlegt að hafa í huga þá grundvallarreglu skaðabótaréttarins sem nefnd er almenna sakarreglan. Verður hún enda talin eiga hér við þar sem ekki er líklegt að um sé að ræða tjón innan samninga sem svo er kallað. Samkvæmt almennu sakarreglunni ber maður skaðabótaábyrgð á tjóni sem hann veldur með saknæmum og ólögumætum hætti, enda sé tjónið sennileg afleiðing af hegðun hans.

Hér verður þó að leggja áherslu á síðasta atriðið, þ.e. sennilega afleiðingu, sem gerir kröfu um að háttsemi standi í svo nánnum tengslum við tjónsatburð að tjónið verði talið af völdum háttseminnar, og er þá gjarnan rætt um að fyrir hendi séu orsakatengsl milli tjóns og háttsemi. Áður hefur verið vikið að því að tilmælin hafa ekki þá stöðu, eða slík réttaráhrif, að geta talist bindandi að lögum. Í tilmælunum er vísað til þess að samningar fjármálafyrirtækja og viðskiptamanna þeirra séu skuldbindandi eftir sem áður, og að tilmælunum hafi ekki verið ætlað að breyta því. Tilmælunum var þannig ekki ætlað að hrófla við einkaréttarlegum samningum. Því er torséð með hvaða hætti skaðabótaábyrgð gæti stofnast á grundvelli tilmælanna, þar sem hverjum er í raun í sjálfsvald sett hvort hann fer eftir tilmælunum.

1.c. „Hver er skoðun SÍ og FME á tilmælum Talsmanns neytenda og tilmælum Hagsmunasamtaka heimilanna sem gefin voru í tilefni af tilmælum SÍ og FME?“

Af spurningunni er ekki fyllilega ljóst við hvaða tilmæli Talsmanns neytenda sé átt. Gengið er út frá því að átt sé við tilmæli sem Talsmaður neytenda birti á heimasíðu sinni 2. júlí 2010.

Seðlabanki Íslands telur ekki tilefni til að bregðast frekar við gjörðum Talsmanns neytenda. Vísað er til rökstuðnings og lagaraka sem koma fram í bréfi til umboðsmanns Alþingis. Í lögum um Neytendastofu og Talsmann neytenda, nr. 62/2005, er fjallað um hlutverk sem löggjafinn hefur ætlað Talsmanni neytenda að hafa með höndum, sbr. 2. mgr. 6. gr. laganna. Af þeirri upptalningu, ásamt umfjöllun í greinargerð með frumvarpi því er varð að þeim lögum, má sjá að löggjafinn hefur fyrst og fremst ætlað embætti Talsmanns neytenda að taka við erindum frá einstökum neytendum. Hagsmunir einstakra neytenda geta í ákveðnum tilvikum rekist á almannahagsmuni, sem Seðlabankanum og Fjármálaeftirlitinu ber að standa vörð um.

Að sama skapi er ekki ljóst til hvers er vísað í spurningunni varðandi Hagsmunasamtök heimilanna. Seðlabankinn telur ekki tilefni til frekari viðbragða.

1.d. „Hyggjast SÍ og FME bregðast á einhvern hátt við tilmælum talsmanns neytenda?“

Seðlabanki Íslands hyggst ekki gera það.

2. Spurningar er varða ábyrgð.

2.a. „Voru gerðir útreikningar á mögulegum afleiðingum niðurstaðna í s.k. gengistryggingarmálum og áhrif á fjármálastöðugleika á Íslandi áður en dómur féll? Þá er átt við mat á því hvort gengistryggð lán væru lögleg, hverjir skyldu vera vextir þeirra, t.d. samningsvextir, óverðtryggðir vextir Seðlabankans, verðtrygging plús samningsvextir, hver voru áætluð áhrif á bílalán, húsnæðislán og fyrirtækjalán. (Gott væri að fá fyrirliggjandi útreikninga senda)“

Seðlabanki Íslands vísar til svars Fjármálaeftirlitsins við sömu spurningu.

2.b. „Létu SÍ og FME vinna lögfræðialit um væntanlegt lögmæti gengistryggðra lána áður en dómur féll og geta nefndirnar fengið afrit þeirra?“

Í tilefni af útgáfu Seðlabanka Íslands á fréttatilkynningu, hinn 6. maí 2009, varðandi tiltekna framkvæmd til samræmis við reglur um gjaldeyrismál, aflaði Seðlabanki Íslands lögfræðialits. Með fréttatilkynningunni skýrði Seðlabankinn út afstöðu bankans og gjaldeyriseftirlitsins gagnvart slíkri lánaframkvæmd.

Nánar tiltekið var leitað til Lögmennsstofunnar LEX og óskað eftir álitum á því hvort þær aðgerðir sem vísað var til í fréttatilkynningu Seðlabankans væru í samræmi við lög nr. 38/2001 annars vegar, og hvert væri inntak heimilda til að verðtryggja lán í íslenskum krónum með hliðsjón af lögum nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu hins vegar. Niðurstaða álitsins, sem dagsett er 12. maí 2009, var sú að það kynni að vera óheimilt að binda skuldbindingar í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla, án þess að það hefði þó áhrif á heimildir til að taka lán í erlendri mynt, og jafnframt var í því ljósi lögð til ákveðin breyting á áður auglýstri framkvæmd á gjaldeyrisreglum og – eftirliti.

Í kjölfarið ritaði aðallögfræðingur Seðlabankans minnisblað, dags. 18. maí 2009, varðandi heimildir til gengistryggingar lána skv. lögum nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, þar sem ofangreint lögfræðialit var reifað og sú niðurstaða sett fram að tekið væri undir lögfræðialitið með þeim fyrirvara, að ekki væru allir lögfræðingar sammála um þá túlkun og að dómstólar myndu eiga síðast orðið.

2.c. „Hver ber ábyrgð á því að samþykkja uppgjör milli gömlu og nýju bankanna án þess að gera ráð fyrir því að það væri vafi á lögmæti gengistryggðra lána? Hver ber ábyrgð innan FME, hver ber ábyrgð innan SÍ, hver ber ábyrgð innan efnahags- og viðskiptaráðuneytis?“

Seðlabanki Íslands kom ekki að gerð umræddra uppgjöra eða samþykkt þeirra. Því er ekki við hæfi að Seðlabankinn svari umræddri spurningu.

2.d. „Á hvern máta hafa viðkomandi axlað ábyrgð eða hyggjast axla ábyrgð á mögulegu 100 milljarða króna tapi ríkissjóðs, skv. yfirlýsingum efnahags- og viðskiptaráðherra?“

Vísað er til fyrra svars.

2.e. „Hverjar eru líkurnar á mögulegum skaðabótakröfum frá kröfuhöfum vegna uppgjörins á milli gömlu og nýju bankanna, þar sem ekki var tekið tillit til þess við uppgjörið að vafi leiki á lögmæti gengistryggðu lánanna?“

Erfitt er að spá fyrir um tjónsábyrgð á svo almennum grundvelli sem lagt er upp með í spurningunni. Seðlabanki Íslands hefur takmarkaðar forsendur til að meta líkur á skaðabótakröfum á meðan ekki liggur fyrir hve miklu tjóni kröfuhafar hafi orðið fyrir. Seðlabankinn hefur því ekki gert slíkt mat.

3. Spurningar varðandi Icesave málið.

3.a. „Hver verða áhrif dómsins á Icesave?“


Áhrif á heimtur úr þrotabúi Landsbankans og þar með skuldbindingu ríkissjóðs vegna Icesave gætu orðið nokkrar, en erfitt er að meta þær á þessari stundu. Þó má svara því almennt að endurheimtur í þrotabúi Landsbanka Íslands hf., og þar með inn á Icesave skuldbindingar þrotabúsins ráðast aðallega af fjórum þáttum: Í fyrsta lagi af greiðslum á skuldabréfi útgefnu af nýja bankanum til gamla bankans, í öðru lagi af verðmæti eignasafns gamla Landsbankans, í þriðja lagi af verðmæti hlutabréfaeignar gamla Landsbankans í nýja Landsbankanum, og í fjórða lagi af verðmæti skilyrts (e. contingent) skuldabréfs á milli gamla og nýja bankans, en verðmæti þess fer eftir verðmæti ákveðinna afmarkaðara eigna sem fluttar voru í nýja bankann (NBI) 9. október 2008. Hvað áhrærir skuldbréfið á milli gamla og nýja bankans er torsið að dómar Hæstaréttar hafi nokkur áhrif svo lengi sem ríkið stendur að baki NBI. Áhrif á skilyrta skuldabréfið gætu hins vegar orðið nokkur og hlutafé gamla Landsbankans í NBI gæti í versta falli tapast að töluverðu leyti. Almennt gilti sú meginregla um skiptingu eigna á milli gömlu og nýju bankanna að innlendum eignum var

ráðstafað til nýju bankanna en erlendar eignir til þeirra gömlu. Ætla mætti þess vegna að lán til erlendra aðila hafi síður verið með óskuldbindandi gengistryggingarákvæðum (þ.e.a.s. hafi fremur verið hrein gjaldeyrislán) en lán til innlendra aðila. Skilanefnd og/eða slitastjórn Landsbanka Íslands hf. eru hins vegar réttir aðilar til að svara þessari spurningu.

3.b. „Er búið að reikna áhrif dómsins á heimtur úr gamla Landsbankanum vegna Icesave út frá þeim forsendum að öll bílalán, húsnæðislán og fyrirtækjalán verði gerð upp miðað við sammingsvexti, vexti Seðlabankans? (Gott væri að fá útreikninga senda)“

Seðlabanki Íslands hefur ekki gert slíka útreikninga.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS



Arnór Sighvatsson
aðstoðarseðlabankastjóri

Fylgiskjöl:
Bréf til umboðsmanns Alþingis dags. 23. júlí 2010

Samrit: Fjármálaeftirlitið